



Landssamband æskulýðsfélaga

9. fundur stjórnar 2009 – 2010

Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 12:00

26. janúar 2010

Mættir: Unnur Hjálmsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Auður Geirsdóttir (AuG). Einnig sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn.

Fundur settur: 12:01

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðusta fundar samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF minnti fundarmenn á kynningu á Evrópu unga fólksins sem fer fram miðvikudaginn 27. janúar kl. 16:30.

HTF sagði frá því að bókhalds- og skattanámskeiðið sem fyrirhugað var í febrúar væri komið á skrið. Námskeiðið verður haldið 10. febrúar í húsnæði Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands kl. 17:00. Leiðbeinandi mun verða Einar Ólafsson löggiltur endurskoðandi. HTF sagði frá því að byrjað væri að auglýsa námskeiðið og búið að opna fyrir skráningu.

HTF sagði frá fundi sem hún átti með starfsmönnum AFS fyrr um morgunin. AFS er spennt fyrir aðild sinni að LÆF og hefur hug á að taka þátt í starfinu.

HTF sagði frá fundi sem hún átti með Jóni Brynjari Birgissyni starfsmanni ungmennamála hjá Rauða krossi Íslands. Ræddu þau verkefnið Ungt fólk til athafna og möguleika Urkí á því að halda námskeið í notkun Kompás.

HTF lagði fram endanlegan spurningalista fyrir spurningakönnun til aðildarfélaga. AuG og SSE tóku að sér að koma könnuninni á vefform og HTF að senda hana út.

HTF lagði fram svör við spurningakönnun Baltic Sea Secretariat for Youth Affairs um stefnu í æskulýðsmálum byggða á rannsóknum. Ákveðið að senda svörin samdægurs.

HTF sagði frá því að hún hefði enn ekki kannað lyklamál fyrir stjórnarfólk en það yrði gert í vikunni.

3. Frá æskulýðsráði

Engar nýjar fréttir voru frá Æskulýðsráði að þessu sinni.

4. Ársreikningur

HTF lagði fram ársreikning félagsins 2009 sem barst frá bókara fyrir nokkrum dögum. Reikningar voru teknir til umfjöllunar og voru gerðar nokkrar athugasemdir í átt til þess að skýra reikninginn betur. HTF falið að koma athugasemdum á framfæri við bókara. HTF einnig falið að hafa samband við skoðunarmenn félagsins.

5. Opin dagur LÆF og aðildarfélaga

HTF lagði fram verkplan fyrir opin dag LÆF og aðildarfélaga. Nokkur umræða skapaðist um hvernig nákvæmlega ætti að standa að deginum og komist að samkomulagi. Ákveðið að fyrsti kostur með húsnæði væri Hitt húsið en næsti Molinn í Kópavoginum.

SSE lagði til að aðildarfélög fengu send boð um þátttöku í pósti sem yrði síðar sent með tölvupósti. Það var samþykkt.

HTF falið að endurgera verkplanið í samræmi við umræðu og setja það á googledocs fyrir stjórnarmenn að fylgjast með. Unnið verður eftir verkplani.

6. Alþjóðastarf

- a) AuG lagði fram skýrslu ferðar hennar og Snærósar Sindradóttur á undirbúningsfund um loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Kaupmannahöfn í desember sem þær sóttu í Malmö í október s.l.
- b) HTF sagði frá því að búið væri að óska eftir umræðuefnum á NBCM í apríl. SSE lagði til að rätt yrði hvernig best væri að standa að því að efla umræðu um ungt fólk og æskulýðsstarf í samfélaginu, hvernig er hægt að koma á vitundavakningu hjá fjölmiðlum um umræður við og um ungt fólk osfrv. Einnig var lagt til að rätt yrði um gerð æskulýðsstefnu.
- c) HTF og SSE sögðu frá nýjust fréttum af YEA verkefninu. SSE er að svara spurningum og senda upplýsingar um Samfélagið frumkvæði og HTF hafði sent inn yfirlýsingu fyrir hönd LÆF hversvegna atvinnumál ungs fólks væru mikilvægt málefni fyrir félagið.

7. Bréf og önnur sköl sem þarfnast afgreiðslu

Enginn bréf og önnur skjöl höfðu borist.

8. Önnur mál

- a) SSE sagði frá pósti sem hann fékk frá Hreyfingunni. HTF falið að svara þeim pósti á þá leið að LÆF væri ávalt tilbúið að veita upplýsingar um æskulýðsmál og Hreyfingunni væri velkomið að vera í sambandi.
- b) UH og SSE sögðu frá fundi sem þau sóttu á Selfossi um Sóknaráætlunina 20/20 sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Umræða skapaðist um hvernig LÆF ætlaði að haga næstu skerfum eftir þennan fund. Fundarmenn voru sammála um að það væri mikilvægt að fram kæmi í Sóknaráætluninni að það væri markmið íslenskra yfirvalda að koma á stefnu í æskulýðsmálum. HTF var falið að kanna utanum hald um sóknaráætlunina og kanna hverjir eru tengiliður í hverju málefni fyrir sig og kanna möguleikana á því að koma upplýsingum til aðildarfélaga hvernig þau geta haft áhrif á vinnu við Sóknaráætlunina. Lagt til að gera athugasemd við skipan í hópa áætlunarinnar þar sem ungt fólk er nánast hvergi með. Það var samþykkt.
- c) UH sagði frá næsta opna fundir um Sóknaráætluna sem verður haldin á Hótel Sögu fimmtudaginn 28. janúar n.k. HTF falið að koma upplýsingum um ráðstefnuna á heimasíðu félagsins.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 13:28

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

framkvæmdastjóri